

**Hafnarfjarðarbær  
B/t Rósu Guðbjartsdóttur bæjarstjóra  
vegna fundar bæjarráðs 16.12.2021  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður**

14. desember 2021

**Varðar: Lóðir í 3. áfanga að Hellnahrauni**

Undirritaðan langar að lýsa áhuga Smáragarðs ehf á að fá vilyrði fyrir úthlutun á lóðum í 3. áfanga Hellnahrauns, þeim áfanga sem Hafnarfjarðarbær hefur kynnt með auglýsingu dags. 14.12.2021, á vef bæjarins, Hellnahraun 3. áfangi - endurskoðun.

Smáragarður ehf er fasteignafyrirtæki og felst starfsemi félagsins í útleigu fasteigna, þróun lóða og byggingaframkvæmdum og hefur Smáragarður byggt upp og leigt út töluvert af húsnæði á undanförnum árum, m. a. í Hafnarfirði.

Óskað er eftir vilyrði fyrir lóðunum að Dverghelli 5, 7, 9 og 11 og lóðunum að Jötnahelli 6, 8, 10 og 12, samtals um 30.000 m<sup>2</sup>.

Fyrirhugðuð er uppbygging á snyrtilegu atvinnuhúsnæði fyrir öflug fyrirtæki og er ætlunin að hefja framkvæmdir þegar gatnagerð er lokið í hverfinu.

Smáragarður ehf er fjárhagslega öflugt fyrirtæki, sem hefur getu og burði til að standa vel að verki við fyrirhugaðar framkvæmdir á lóðunum sem óskað er eftir að bærinn gefi vilyrði fyrir.

Fyrirtækið er 100% í eigu Norvik hf.

Vonast er til að bæjarráð taki jákvætt í erindið svo hægt sé að halda áfram þróun verkefnanna.

**Virðingarfyllst,  
Smáragarður ehf**

  
*Sigurður E. Ragnarsson*